



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 21.3.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Aðalskipulag Reykjavíkur - Einarsnes - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. mars 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. mars 2024 á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna lóðarinnar að Einarsnesi 36, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Björn Axelsson og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Stefna Reykjavíkur um kaupmanninn á horninu birtist í aðalskipulaginu. Unnið er að því að þetta byggð til að halda uppi nærþjónustu til að skapa sjálfbær hverfi. Almennt er ekki mikið um að verið sé að breyta hverfiskjörnum og atvinnuhúsnæði í aðra notkun en forsenda fyrir þessari breytingu sem um ræðir er sérstaða þegar kemur að íbúabaklandi á svæðinu en fjöldinn er langtum minni en við aðra kjarna eins og kemur fram í meðfylgjandi gögnum, sér í lagi sker þessi kjarni sig úr í þessum borgarhluta. Þarna hefur rekstur sömuleiðis gengið brösuglega í lengri tíð. Ef aðstæður breytast og svigrúm skapast til að opna þarna aftur atvinnustarfsemi þá verður það áfram heimilt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja fyrirbyggjandi breytingu á aðalskipulagi vegna Einarsness 36 enda er hún í samræmi við fyrri afstöðu þeirra til málsins, sbr. umfjöllun og atkvæðagreiðslu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 5. október 2022.

Helga Björk Laxdal
e.u.